

# Lög

## um breytingar á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum.

### 1. gr.

2. másl. 11. gr. laganna fellur brott.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Stjórn hafnar skv. 2. tölul. 8. gr. skal semja gjaldskrá fyrir höfn þar sem nánar er kveðið á um innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein. Miða skal við að gjaldtaka standi undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölul. 3. gr., þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnarinnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnarinnar.
- b. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Í gjaldskrá er heimilt að ákveða eftirtalin gjöld.
- c. B-liður 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum.
- d. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr staflíður, svohljóðandi: Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3% af heildaraflaverðmæti. Þó skal gjaldið vera minnst 0,70% af heildaraflaverðmæti frystra sjávarafurða. Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.
- e. Í stað orðanna „skv. a-, c- og d-lið“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: skv. a-, c-, d- og e-lið.
- f. 2. mgr. orðast svo:

Gjaldtaka hafna skv. 2.–10. tölul. 2. mgr. skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt sameiginlegum kostnaði, eftir því sem við á.
- g. Í stað orðanna „1. og 2. tölul. 1. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 1. og 2. tölul. 2. mgr.
- h. 5. mgr. orðast svo:

Notendur hafnar geta krafist hafnarstjórn upplýsinga um afkomu hafnar og um almennar forsendur gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögnum:

- a. Í stað orðanna „til ársloka 2010“ í 1. mgr. kemur: til ársloka 2012.
- b. Í stað orðanna „1. janúar 2011“ í 2. mgr. kemur: 1. janúar 2013.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 14. júní 2010.*